



Akraneskaupstaður

**[ELDVARNA]
bandalagið**

**SAMSTARF AKRANESKAUPSTAÐAR
OG ELDVARNABANDALAGSINS
UM AUKNAR ELDVARNIR**

Sameiginleg greinargerð

Október 2016

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Samstarfssamningurinn	3
3. Undirbúningur	4
4. Fræðsla fyrir eldvarnafulltrúa og starfsfólk.....	4
5. Innleiðing og framkvæmd eigin eldvarnaeftirlits	6
6. Fræðsla fyrir leigjendur	8
7. Sýnileiki verkefnisins í fjölmiðlum	8
8. Niðurstöður	9
9. Viðaukar.....	11

1. Inngangur

Haustið 2014 skilgreindi Eldvarnabandalagið þrjú áhersluverkefni sem það hugðist vinna að á árinu 2015. Eitt þeirra var innleiðing eigin eldvarnaeftirlits hjá fyrirtækjum og stofnunum. Annað að stuðla að eflingu eldvarna í leiguhúsnæði. Stýrihópur Eldvarnabandalagsins setti jafnframt á fót starfshóp fyrir hvert áhersluverkefni um sig. Á fundi starfshóps um eigið eldvarnaeftirlit 22. janúar 2015 var rædd sú hugmynd, sem áður hafði verið reifuð í starfshópi um eldvarnir í leiguhúsnæði, að óska eftir samstarfi við meðalstórt sveitarfélag í nágrenni höfuðborgarsvæðisins um að gerast tilraunasveitarfélag á sviði eldvarna í víðu samhengi. Á fundi stýrihópsins 17. febrúar 2015 var ákveðið að óska eftir samstarfi við Akraneskaupstað um innleiðingu eigin eldvarnaeftirlits með það að markmiði að skapa fordæmi fyrir aðrar stofnanir og fyrirtæki og þróa verklag og fræðslu til starfsfólks og eldvarnafulltrúa. Var verkefnastjóra falið að senda Akraneskaupstað erindi vegna þess og var því vel tekið. Drög að samkomulagi milli aðila voru samþykkt í stýrihópi Eldvarnabandalagsins 19. mars og 25. mars samþykkti bæjarráð Akraness fyrirbyggjandi samkomulag milli aðila. Skrifað var undir samkomulagið í bæjarþingsal Akraneskaupstaðar 16. apríl.



Í 6. grein samkomulagsins er kveðið á um að gerð verði sameiginleg greinargerð um hvernig til tókst við innleiðingu og framkvæmd eigin eldvarnaeftirlits og fer hún hér á eftir. Í greinargerðinni verður rakið hvernig staðið var að undirbúningi og framkvæmd verkefnisins. Að miklu leyti er byggt á mati undirritaðra, höfunda greinargerðarinnar. Jafnframt byggir greinargerðin á svörum eldvarnafulltrúa Akraneskaupstaðar við spurningalista sem lagður var fyrir þá í ágúst síðastliðnum. Tólf spurningar voru lagðar fyrir ríflega 30 einstaklinga og bárust 19 svör. Þó liggur mat fleiri einstaklinga að baki svörum því í nokkrum tilvikum sendu eldvarnafulltrúi og varamaður hans sameiginlegt svar.

Garðar H. Guðjónsson, verkefnastjóri Eldvarnabandalagsins

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Akraneskaupstað

Þráinn Ólafsson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar

2. Samstarfssamningurinn

Í samstarfssamningi sem undirritaður var 16. apríl 2015 (sjá viðauka) er kveðið á um markmið verkefnisins og skyldur hvors aðila um sig, helstu tímasetningar eru tilgreindar og kveðið á um uppgjör og árangursmat.

Sameiginlegt markmið aðila var að efla eldvarnir á heimilum og í fyrirtækjum og stofnunum og þróa verkefni sem geta nýst öðrum í sama tilgangi.

Tvær leiðir að þessu markmiði voru tilgreindar:

- Innleiðing og framkvæmd eigin eldvarnaeftirlits í stofnunum Akraneskaupstaðar.
- Fræðsla um eldvarnir fyrir þá sem sækja um húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur.

Helstu tímasetningar skv. 3. grein voru þessar:

- Vor 2015: Verkefnið kynnt fyrir forstöðumönnum stofnana Akraneskaupstaðar.
- September 2015: Innleiðing eigin eldvarnaeftirlits hefst með útnefningu eldvarnafulltrúa og fræðslu fyrir þá og annað starfsfólk.
- Október 2015: Framkvæmd eigin eldvarnaeftirlits hefst.
- Janúar 2016: Fræðsla fyrir umsækjendur um húsaleigubætur fer fram.

Eldvarnabandalagið lagði samkvæmt samningnum til allt fræðsluefni og gátlista án endurgjalds en Eldvarnabandalagið gaf árið 2012 út fræðslu- og kynningarefni um eigið eldvarnaeftirlit. Jafnframt setti Eldvarnabandalagið þá fram áætlun um hvernig innleiða bæri eigið eldvarnaeftirlit og skyldi henni fylgt í samstarfinu við Akraneskaupstað. Eldvarnabandalagið lagði einnig til án endurgjalds handbók um eldvarnir heimila sem dreifa skyldi til starfsfólks Akraneskaupstaðar og umsækjenda um húsaleigubætur. Eldvarnabandalagið tók ennfremur að sér að þróa fræðslu fyrir eldvarnafulltrúa og starfsfólk og veita hana án endurgjalds.

3. Undirbúningur

Verkefnið var kynnt á fundi með forstöðumönnum stofnana Akraneskaupstaðar 6. maí 2015 og virtist fá ágætar undirtektir. Forstöðumönnum var gerð grein fyrir öllum helstu atriðum samstarfssamningsins.

Eldvarnabandalagið vann að því um vorið og sumarið að útbúa glærur vegna fræðslu fyrir starfsfólk Akraneskaupstaðar og eldvarnafulltrúa. Byggt var á efni sem Eldvarnabandalagið hafði áður gefið út, það er leiðbeiningum um eigið eldvarnaeftirlit og handbók um eldvarnir heimilisins. Verkefnastjóri hafði umsjón með gerð efnisins og vann það í nánú samstarfi við starfshóp um eigið eldvarnaeftirlit og starfshóp um eldvarnir í leiguhúsnaði. Slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar kom einnig að gerð efnisins. Efnið var að stofni til tilbúið þegar fræðsla hófst í september en þróaðist talsvert á meðan á fræðslunni stóð.

Útnefning eldvarnafulltrúa var liður í undirbúningi verkefnisins. Allir forstöðumenn stofnana fengu tölvupóst í ágúst þar sem þeir voru beðnir að tilnefna eldvarnafulltrúa og annan til vara fyrir 1. september.

4. Fræðsla fyrir eldvarnafulltrúa og starfsfólk

Um 500 starfsmenn Akraneskaupstaðar fengu fræðslu um eldvarnir á vinnustað og heimili í september. Eins og kveðið var á um í samkomulagi aðila fékk hver starfsmaður afhent eintak af handbók Eldvarnabandalagsins um eldvarnir heimilisins. Verkefnastjóri Eldvarnabandalagsins og slökkviliðsstjóri önnuðust fræðsluna. Hver kynning tók 40-45 mínútur með umræðum og fyrirspurnum. Í flestum tilvikum heimsóttu fyrirlesarar starfsfólkið á vinnustað þess en auk þess var haldin kynning í Tónbergi sem á annað hundrað manns sóttu. Það er mat höfunda að fræðslan hafi fengið góðar undirtektir og kynningarfundirnir tekist vel. Það virðist einnig vera mat til dæmis fulltrúa Eldvarnabandalagsins sem sátu kynningarfundum. Umræður voru yfirleitt talsverðar og mikið spurt um einstök atriði. Greinilegt var á mörgum sem tjáðu sig á fundunum að þeir gætu bætt eldvarnir heimilisins til muna.

Skoðun eldvarnafulltrúanna styrkir þetta mat höfunda. Í áðurnefndri könnun meðal eldvarnafulltrúanna var spurt: *Hefur fræðsla slökkviliðsins og Eldvarnabandalagsins um eldvarnir heimilisins haft jákvæð áhrif á eldvarnir heima hjá þér?* Svörin skiptust þannig að já sögðu 19, eða 100 prósent.



Tvö námskeið fyrir eldvarnafulltrúa voru haldin í slökkvistöðinni á Akranesi og sóttu þau




samtals 34 eldvarnafulltrúar og varamenn þeirra. Leiðbeinendur voru slökkviliðsstjóri og verkefnastjóri Eldvarnabandalagsins. Námskeið af þessu tagi hafði ekki verið haldið áður. Nokkrir hnökror þóttu vera á framsetningu fyrra námskeiðsins og voru þeir lagaðir fyrir það síðara. Námskeiðið tók um tvo tíma og var stuðst við fræðsluefni Eldvarnabandalagsins.

Fjöldmargir aðilar komu að gerð glæranna sem notaðar voru og byggðust á fræðsluefni Eldvarnabandalagsins; slökkviliðsstjóri, verkefnastjóri Eldvarnabandalagsins, starfshópur um eigið eldvarnaeftirlit og fulltrúi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Í könnun meðal eldvarnafulltrúa var spurt: *Telur þú að námskeið sem þú sást í september 2015 hafi verið nægur undirbúningur fyrir starf eldvarnafulltrúa?*

Um 89,5 prósent sögðu já eða 17 þátttakendur og 10,5 prósent sögðu nei eða 2 þátttakendur. Það er mat höfunda að námskeiðið hafi verið fullnægjandi undirbúningur fyrir verkefni eldvarnafulltrúa og




hefur námskeiðið í nánast óbreyttri mynd nú meðal annars verið haldið fyrir eldvarnafulltrúa í Húnaþingi vestra og í Fjarðabyggð.

5. Innleiðing og framkvæmd eigin eldvarnaeftirlits

Í samkomulagi Eldvarnabandalagsins og Akraneskaupstaðar var kveðið á um að eigið eldvarnaeftirlit skyldi hefjast í byrjun október samkvæmt gátlistum Eldvarnabandalagsins og standa í 12 mánuði í tilraunaskyni. Af svörum eldvarnafulltrúa um framkvæmd eigin eldvarnaeftirlits má ráða að talsverður misbrestur hefur orðið á þessu, bæði hvað varðar mánaðarlegt og árlegt eftirlit.


Spurt var: *Hefur verið gerð mánaðarleg úttekt á eldvörnum vinnustaðarins samkvæmt gátlista Eldvarnabandalagsins síðan þú hófst störf sem eldvarnafulltrúi?* Svörin skiptust þannig að 4 sögðu já, eða 21,05 prósent og 15 sögðu nei, eða 78,95 prósent.



Samkvæmt þessu tókst aðeins í um fimmtungi tilvika að halda úti mánaðarlegu eftirliti frá október 2015 til september 2016. Hins vegar voru þeir sem sögðu nei beðnir að svara hve oft mánaðarlegt eftirlit hefði farið fram og bárust þá eftirfarandi svör orðrétt:


Sennilega ekki í hverjum mánuði en það voru samt ekki margir mánuðir sem féllu niður.	ca. 5 sinnum
nei, hef bara ekki munað eftir því	aldrei
Bara fyrstu mánuðina en ekki eftir það.	Veit ekki
Reglulega en ekki mánaðarlega	Max 4
Einu sinni	fjórum sinnum yfir árið
2	ca. 2.hv. mánuð

Spurt var: *Hefur verið gerð árleg úttekt á eldvörnum vinnustaðarins samkvæmt gátlista Eldvarnabandalagsins síðan þú hófst störf sem eldvarnafulltrúi?* Svörin skiptust þannig að 10 sögðu já eða 52,63 prósent og 9 sögðu nei eða 47,37



prósent. Samkvæmt þessu hefur eldvarnaeftirlit alls ekki verið framkvæmt í tveimur til þremur stofnunum en annars að fullu, miklu eða nokkru leyti. Þessi niðurstaða kemur höfundum nokkuð á óvart í ljósi þeirrar miklu jákvæðni sem kom fram á fundi með eldvarnafulltrúum 7. janúar 2016 (sjá minnisblað í viðauka 2).

Þetta bendir hins vegar til að halda þurfi betur utan um verkefnið og auka hvatningu til eldvarnafulltrúa um að halda uppi reglulegu eftirliti. Ljóst er af svari eldvarnafulltrúa við spurningu um hugsanlegan sameiginlegan vettvang eldvarnafulltrúa að eftirspurn er eftir slíkum vettvangi. Spurt var: *Fyndist þér æskilegt að komið yrði á fót sameiginlegum vettvangi fyrir eldvarnafulltrúa Akraneskaupstaðar, svo sem með sérstakri facebooksíðu og/eða árlegum fundi með slökkviliðsstjóra og fulltrúum bæjarins?* Svörin skiptust þannig að 13 sögðu já eða 68,42 prósent og 6 sögðu nei eða 31,58 prósent.



Ljóst er einnig af svörum eldvarnafulltrúanna að mikill meirihluti þeirra telur að verkefni eldvarnafulltrúa hafi ekki mikla fyrirhöfn í för með sér. Þannig taldi enginn að fyrirhöfnin væri mjög mikil, um fimmtungur svarar frekar mikil en nærri 80 prósent svara hvorki né, frekar litla eða mjög litla.

Um það bil tveir af hverjum þremur (63 prósent) eldvarnafulltrúa telja að sér hafi gengið frekar eða mjög vel að fá lagfærð atriði sem þeir hafa gert athugasemdir við í skoðunum sínum. Um þriðji hver segir hins vegar að þetta hafi gengið frekar eða mjög illa. Algengasta skýringin á þessu er sögð skortur á fjármagni. Þetta endurspeglast í svörum eldvarnafulltrúanna þegar þeir voru spurðir hvort störf þeirra sem eldvarnafulltrúar hafi leitt til betri eldvarna á vinnustaðnum. Alls svöruðu 63,16 prósent því játandi en 38,84 prósent sögðu nei. Jafnframt voru eldvarnafulltrúar spurðir hvort þeir teldu að meðvitund um mikilvægi eldvarna á vinnustaðnum hafi almennt aukist eftir innleiðingu eigin eldvarnaeftirlits. Ríflega helmingur (52,63 prósent) sagði svo vera, um 10 prósent sögðu nei en 36,84 prósent sögðust ekki vita það.

Þrátt fyrir það sem að ofan er rakið er það nokkuð eindregin skoðun eldvarnafulltrúanna að Akraneskaupstaður eigi að halda áfram eigin eldvarnaeftirliti að loknu tilraunaverkefninu í samvinnu við Eldvarnabandalagið. Svör þeirra við þeirri spurningu skiptust þannig að 16 sögðu já eða 84,21 prósent, 1 sagði nei eða 5,26 prósent og 2 sögðu veit ekki, eða 10,53 prósent.

6. Fræðsla fyrir leigjendur

Um það bil 200 manns sækja árlega um húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur hjá Akraneskaupstað og eru bæturnar auglýstar til umsóknar í janúar ár hvert. Í samkomulagi Eldvarnabandalagsins og Akraneskaupstaðar frá í apríl 2015 er gert ráð fyrir að beina fræðslu um eldvarnir til þessa hóps í tengslum við umsóknir um húsaleigubætur. Ástæðan er sú að kannanir sem Gallup hefur gert fyrir Eldvarnabandalagið sýna ítrekað að eldvarnir eru mun lakari í leiguhúsnæði en hjá þeim sem búa í eigin húsnæði.

Í umsóknareyðublaði vegna húsaleigubóta í janúar 2016 var umsækjendum gefinn kostur á að svara þremur spurningum um eldvarnir heimilisins. Spurt var um fjölda reykskynjara á heimilinu og hvort fyrir hendi væru slökkvitæki og eldvarnateppi. Alls svöruðu 126 umsækjendur spurningunum eða um 70 prósent. Niðurstöður voru mjög sambærilegar niðurstöðum kannana Gallup um eldvarnir í leiguhúsnæði. Á heimilum yfir helmingi þátttakenda reyndist aðeins vera einn eða jafnvel enginn reykskynjari. Innan við þriðjungur hafði allt í senn reykskynjara, slökkvitæki og eldvarnateppi. Eldvarnateppi var á innan við helmingi heimila.

Í kjölfarið sendu Akraneskaupstaður og Eldvarnabandalagið umsækjendum öllum bréf þar sem gerð var grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar og viðkomandi hvattir til að auka eldvarnir á heimilum sínum eftir þörfum. Bréfinu fylgdi handbók Eldvarnabandalagsins um eldvarnir heimilisins og bæklingur á ýmsum erlendum tungumálum þar sem það átti við.

7. Sýnileiki verkefnisins í fjölmiðlum

Í samkomulagi um auknar eldvarnir var gert ráð fyrir að aðilar myndu sameiginlega vekja athygli á verkefninu í fjölmiðlum og var það gert með ýmsum hætti. Nefna má nokkur dæmi:

- Frétt birtist í Skessuhorni eftir undirritun samkomulagsins.
- Grein verkefnastjóra Eldvarnabandalagsins og bæjarstjóra birtist í Fréttablaðinu, á visir.is og í Skessuhorni í september 2015.
- Frétt og viðtöl birtust í Skessuhorni vegna fræðslu fyrir eldvarnafulltrúa í september 2015.
- Grein verkefnastjóra og slökkviliðsstjóra um eldvarnir á aðventu birtist í Skessuhorni í desember 2015.
- Grein verkefnastjóra og slökkviliðsstjóra um eigið eldvarnaeftirlit birtist á visir.is og í Skessuhorni í janúar 2016.
- Frétt um eldvarnir í leiguhúsnæði á Akranesi birtist í Skessuhorni í mars 2016.
- Greinar og fréttir um verkefnið hafa jafnframt birst á ýmsum vefsíðum þeirra sem koma að verkefninu, svo sem á akranes.is, eldvarnabandalagid.is og víðar.

8. Niðurstöður

Helstu niðurstöður höfunda af framangreindu eru eftirfarandi:

Undirbúningur og fræðsla

Undirbúningur verkefnisins og samskipti aðila vegna þess gengu vel og allar helstu tímasetningar stóðust. Vel gekk að skipuleggja og veita fræðslu fyrir starfsfólk og eldvarnafulltrúa og fékk fræðslan ágæt viðbrögð starfsfólks.

Markmið

Markmið verkefnisins samkvæmt samkomulaginu var að efla eldvarnir á heimilum og í fyrirtækjum og stofnunum og þróa verkefni sem geta nýst öðrum í sama tilgangi. Þetta meginmarkmið hefur í aðalatriðum náðst. Þróað var verklag og fræðsluefni sem nú er í notkun hjá þremur öðrum sveitarfélögum; Akureyri, Fjarðabyggð og Húnaþingi vestra. Svör eldvarnafulltrúa um aukningu eldvarna á vinnustöðum og heimilum þeirra benda eindregið til þess að tekist hafi að efla eldvarnir á heimilum og í stofnunum Akraneskaupstaðar. Það er einnig mat slökkviliðsstjóra. Ennfremur má í þessu sambandi benda á niðurstöður af fundi með eldvarnafulltrúum 7. janúar 2016 (sjá viðauka 2).

Framkvæmd eigin eldvarnaeftirlits

Vilji Akraneskaupstaður halda áfram eigin eldvarnaeftirliti eftir að samstarfi við Eldvarnabandalagið lýkur er ljóst að efla þarf aðhald og umsjón með verkefninu. Svör eldvarnafulltrúa um að hve miklu leyti eldvarnaeftirlit var framkvæmt geta ekki talist viðunandi. Til að bregðast við þessu mæla höfundar annars vegar með því að myndaður verði sameiginlegur vettvangur fyrir eldvarnafulltrúana, svo sem með stofnun facebooksíðu, þar sem þeir geta skipst á upplýsingum og skoðunum, og/eða árlegum fundi með slökkviliðsstjóra og fulltrúum Akraneskaupstaðar um framgang verkefnisins. Hins vegar mætti hugsa sér að minna eldvarnafulltrúana skipulega á framkvæmd eigin eftirlits með tölvupósti, sms eða með öðrum fyrirhafnarlitlum hætti.

Fræðsla fyrir leigjendur

Verkefnið gekk eftir í samræmi við ákvæði samkomulagsins þar um.

Sýnileiki í fjölmiðlum

Það er mat höfunda að umfjöllun um verkefnið í fjölmiðlum hafi verið viðunandi.

9. Viðaukar

Viðauki 1 – samstarfssamningurinn:

Samstarf um auknar eldvarnir

Eldvarnabandalagið og Akraneskaupstaður gera með sér svofellt samkomulag um samstarf um þróun og aukningu eldvarna:

1. Markmið

Sameiginlegt markmið aðila er að efla eldvarnir á heimilum og í fyrirtækjum og stofnunum og þróa verkefni sem geta nýst öðrum í sama tilgangi.

2. Leiðir

2.1. Eigið eldvarnaeftirlit

Aðilar hafa samstarf um innleiðingu og framkvæmd eigin eldvarnaeftirlits hjá stofnunum Akraneskaupstaðar og þróun verkferla og fræðslu í því sambandi. Fræðslan nær til eldvarna á vinnustaðnum og heimilum starfsmanna. Afraksturinn geti nýst öðrum sveitarfélögum og fyrirtækjum við innleiðingu eigin eldvarnaeftirlits.

2.2. Eldvarnafræðsla fyrir leigjendur

Aðilar hafa samstarf um þróun eldvarnafræðslu fyrir þá sem sækja um húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur. Afraksturinn geti nýst öðrum sveitarfélögum við eldvarnafræðslu fyrir umsækjendur.

3. Gildistími og tímaáætlun

Samkomulagið gildir frá undirritun til 1. október 2016 sem hér segir:

- Undirbúningur verkefnisins hefst við undirritun samkomulagsins.
- Verkefnið verður kynnt forstöðumönnum stofnana Akraneskaupstaðar vorið 2015.
- Innleiðing eigin eldvarnaeftirlits hefst í september 2015 með útnefningu eldvarnafulltrúa og fræðslu fyrir þá og annað starfsfólk.
- Framkvæmd eigin eldvarnaeftirlits hefst 1. október 2015.
- Fræðsla fyrir umsækjendur húsaleigubóta fer fram í janúar 2016.

4. Hlutverk Akraneskaupstaðar

4.1. Innleiðing og framkvæmd eigin eldvarnaeftirlits

- Akraneskaupstaður boðar forstöðumenn stofnana til kynningarfundar á vordögum í samráði við Eldvarnabandalagið.
- Akraneskaupstaður útnefnir eldvarnafulltrúa í stofnunum bæjarins og skipuleggur fræðslu fyrir þá og annað starfsfólk í samstarfi við Eldvarnabandalagið.
- Akraneskaupstaður framkvæmir eigið eldvarnaeftirlit í stofnunum sínum frá og með 1. október 2015.

4.2. Eldvarnafræðsla fyrir leigjendur

- Akraneskaupstaður og Eldvarnabandalagið senda umsækjendum um húsaleigubætur bréf með hvatningu um að hafa eldvarnir í lagi. Bréfinu fylgir handbók um eldvarnir heimilisins.
- Akraneskaupstaður vekur athygli á mikilvægi eldvarna í fjölmiðlum á Akranesi/Vesturlandi í samvinnu við Eldvarnabandalagið.
- Akraneskaupstaður leggur spurningalista um eldvarnir fyrir umsækjendur um húsaleigubætur í janúar 2016 og 2017. Spurt verði um fjölda reykskynjara og hvort slökkvitæki og eldvarnateppi sé á heimilinu.

5. Hlutverk Eldvarnabandalagsins

5.1. Innleiðing eigin eldvarnaeftirlits

- Eldvarnabandalagið þróar fræðslu fyrir eldvarnafulltrúa og starfsfólk og veitir hana án endurgjalds í samráði við Akraneskaupstað og forstöðumenn stofnana.
- Eldvarnabandalagið lætur Akraneskaupstað í té leiðbeiningar og fræðsluefni án endurgjalds. Þá er átt við kynningarbækling um eigið eftirlit, leiðbeiningar um eigið eftirlit, gátlista, veggspjald og handbók um eldvarnir fyrir starfsfólk stofnana. Einnig aðgang að gagnagrunninum Brunaverði í eitt ár án endurgjalds.
- Eldvarnabandalagið vekur athygli á samstarfinu í fjölmiðlum í samráði við fulltrúa Akraneskaupstaðar, bæði við upphaf þess og eftir því sem verkefninu vindur fram.

5.2. Eldvarnafræðsla fyrir leigjendur

- Eldvarnabandalagið lætur Akraneskaupstað í té án endurgjalds handbók um eldvarnir heimilisins til dreifingar meðal þeirra sem sækja um húsaleigubætur.
- Eldvarnabandalagið vekur athygli á mikilvægi eldvarna í fjölmiðlum á Akranesi/Vesturlandi í samvinnu við Akraneskaupstað.

6. Uppgjör og árangursmat

6.1. Innleiðing og framkvæmd eigin eldvarnaeftirlits

- Gerður verður samanburður á ástandi eldvarna við upphaf eigin eldvarnaeftirlits og að ári liðnu.
- Skoðað verður að hve miklu leyti mánaðarlegar skoðanir fara fram og gátlistar fylltir út.
- Gerð verður sameiginleg greinargerð um hvernig til tókst við innleiðingu og framkvæmd eigin eldvarnaeftirlits.

6.2. Eldvarnafræðsla fyrir leigjendur

- Lagður verður spurningalisti um eldvarnir fyrir umsækjendur um húsaleigubætur í janúar 2016 og janúar 2017. Spurt verður um fjölda reykskynjara og hvort slökkvitæki og eldvarnateppi sé á heimilinu. Niðurstaðan verður eftir atvikum kynnt opinberlega.

Akranesi, 16. apríl 2015

f.h. Akraneskaupstaðar

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri

Þráinn Ólafsson slökkviliðsstjóri

f.h. Eldvarnabandalagsins

Björn Karlsson, formaður stýrihóps

Garðar H. Guðjónsson verkefnastjóri

Viðauki 2 - Minnisblað vegna fundar með eldvarnafulltrúum Akraneskaupstaðar 7. janúar 2016 – Lagt fram á fundi stýrihóps Eldvarnabandalagsins 19. janúar 2016

Eldvarnabandalagið og Akraneskaupstaður funduðu með eldvarnafulltrúum Akraneskaupstaðar fimmtudaginn 7. janúar kl. 15. Markmið fundarins var að afla upplýsinga um hvernig verkefnið gengur en eldvarnafulltrúar hjá öllum stofnunum bæjarins hófu störf 1. október 2015. Markmið fundarins var einnig að gefa eldvarnafulltrúunum kost á að skiptast á upplýsingum og skoðunum og styðja við bakið á þeim í störfum þeirra.

Alls sátu 29 manns fundinn, þrjár fulltrúar Eldvarnabandalagsins, slökkviliðsstjóri, verkefnastjóri hjá Akraneskaupstað og 24 eldvarnafulltrúar frá 18 stofnunum. Mættir voru sem sagt einn eða fleiri eldvarnafulltrúar frá öllum stofnunum bæjarins.

Meðal þess sem fram kom á fundinum var:

- Fundarmenn voru sammála um að verkefni eldvarnafulltrúa væri ekki flókið eða mikil fyrirhöfn þótt sumir hafi óttast það fyrirfram. Þvert á móti voru fundarmenn almennt jákvæðir í garð þessa nýja hlutverks og greinilega kom fram að vitund þeirra um mikilvægi eldvarna hefur aukist.
- Í stuttri framsögu eldvarnafulltrúa leikskólans Akrasels kom fram að eldvarnaskoðanir hafa leitt í ljós ýmislegt sem betur má fara og hefur reynst auðvelt að bæta úr. Þannig hefur eldsmatur verið fjarlægður úr flóttaleið. Við skoðun á björgunaropum með barnalæsingum kom í ljós að ekki er svo auðvelt að taka barnalæsinguna af. Þess vegna hefur reynst nauðsynlegt að kenna öllu starfsfólki leikskólans að gera það með sem skjótustum hætti. Auk þess kom í ljós að hlerar voru stirðir og þörf var á að smyrja lamir. Þetta hefði ekki uppgötvast nema vegna eigin eldvarnaeftirlits.
- Í tónlistarskólanum hafa öll útljós verið endurnýjuð.
- Í stuttri framsögu eldvarnafulltrúa á bæjarskrifstofum kom fram að brunastöð er enn óvirk en húsfélagið hefur gert áætlun um að verja tugum milljóna króna í eldvarnir og öryggismál á næstu fimm árum. Liður í því er að endurnýja brunastöð á þessu ári.
- Í íþróttamiðstöðinni við Jaðarsbakka hefur verið gert yfirlit yfir rýmingarleiðir og neyðarútgangar lagfærðir. Nýtt brunaviðvörðunarkerfi hefur verið sett upp í íþróttahúsinu við Vesturgötu.

- Slökkvitæki hafa verið endurnýjuð í Byggðasafninu og á bókasafninu.
- Skýrt kom fram að vitund um eldvarnir hefur aukist og ýmislegt verið lagfært en þó er ljóst að skortur á fjármagni hamlar fjárfrekum verkefnum og var það gagnrýnt á fundinum að í fjárhagsáætlun skyldi ekki vera gert ráð fyrir auknu framlagi til endurbóta á eldvörnum.
- Slökkviliðsstjóri hefur verið eldvarnafulltrúum og umsjónarmanni fasteigna til aðstoðar og ráðgjafar eftir þörfum.
- Dæmi eru um að eldvarnafulltrúar visti gátlista rafrænt og sendi umsjónarmanni fasteigna afrit.
- Í máli nokkurra fundarmanna kom fram að eldvarnafræðsla sem þeir fengu í tengslum við verkefnið leiddi til þess að þeir juku eldvarnir á heimilum sínum, fjölguðu reykskynjurum og keyptu eldvarnateppi og annan búnað. Einn sagðist hafa gefið börnum sínum eldvarnabúnað í jólagjöf.